

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 20003
VERKHLUTI: V001
HÖFUNDUR: EBK, EJ
DREIFING: Dalabyggð

DAGS.: 7. mars 2023
NR.: 6

Umsagnir og athugasemdir um auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032

1 Kynning

Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Dalabyggðar var kynnt með auglýsingu 10. mars 2020 með athugasemdafresti til 15. apríl sama ár og jafnframt var sett glærukynning á vef Dalabyggðar ásamt hugmynda- og ábendingavef.

Opinn íbúafundur var haldinn á facebook þann 26. október 2021. Í kjölfar fundarins var haldinn vinnustofa í Dalabúð þann 10. nóvember 2021 þar sem íbúum og hagsmunaaðilum gafst færi á að koma með ábendingar og tillögur inn í skipulagsgerðina. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember að kynna vinnslutillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Í framhaldinu voru drög að vinnslutillögu/gögn frá vinnustofu kynnt á heimasíðu Dalabyggðar og jafnframt óskað eftir ábendingum og tillögum fyrir 25. nóvember 2021. Vinnslutillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Dalabyggðar var kynnt 17. desember 2021 með athugasemdarfresti til 18. janúar 2022. Vinnslutillagan var einnig send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um framkomnar umsagnir og athugasemdir við vinnslutillöguna á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 og aftur á fundi þann 4. mars. Nefndin fól aðalskipulagsráðgjöfum að lagfæra skipulagsgögnin til samræmis við minnisblaðið og umræður á fundinum og lagði til að sveitarstjórn sendi lagfærð skipulagsgögn til Skipulagsstofnunar til athugunar, sbr. 3 mgr. 30 gr. skipulagslaga. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar verði aðalskipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla hennar auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sveitarstjórn fjallaði um umsagnir og athugasemdir á fundi sínum þann 10. mars og samþykkti tillögu umhverfis- og skipulagsráðs.

Þann 21. mars 2022 sendi Dalabyggð uppfærða aðalskipulagstillögu ásamt fylgigögnum til athugunar Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í athugun Skipulagsstofnunar, dags. 19. apríl 2022, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem fram koma í athuginni. Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um ábendingar Skipulagsstofnunar á fundi sínum þann 27. apríl og samþykkti að tillagan yrði auglýst að gerðum lagfæringum, með fyrirvara um afgreiðslu sveitarstjórnar um aðalskipulagsbreytingar vegna vindorkuvera í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Sveitarstjórn samþykkti að tillagan yrði auglýst á fundi sínum þann 3. maí 2022. Eftir gildistöku aðalskipulagsbreytinganna var skipulagstillagan uppfærð til samræmis við áorðnar breytingar.

Tillaga að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 var auglýst þann 15. júlí 2022 með fresti til að skila inn umsögnum og athugasemdum til og með 26. ágúst 2022. Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um umsagnir og athugasemdir á 131. og 132. fundi sínum 2. nóv. og 7. nóv. 2022. Sveitarstjórn Dalabyggðar



fjallaði jafnframt um framkomnar umsagnir og athugasemdir og viðbrögð við þeim á fundi sínum þann 9. nóv. 2022. Tveir vinnufundir voru haldnir í desember 2022, þar sem skipulagsgögnin voru rýnd. Einnig var leitað samráðs við Vegagerðina og fleiri aðila eftir auglýsingu. Í kjölfarið voru gerðar minniháttar lagfæringar og leiðréttingar. Á 135. fundi sínum þann 1. mars 2023 fór umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar yfir tillöguna með áorðnum breytingum og samþykkti hana.

Úrvinnsla umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim er að finna í kafla 3 hér fyrir neðan. Í lok kaflans er yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar voru í kjölfar vinnufunda, samráðs og yfirferðar umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir samþykkt skipulagsins.

2 Yfirlit yfir umsagnir og athugasemdir

Alls bárust 17 umsagnir og athugasemdir á auglýsingartímanum.

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Hafðís Sturlaugsdóttir	Húsavík á Ströndum	19. júlí 2022	Ábendingar um fjárréttir.
Magnús A. Sigurðsson	Minjastofnun	22. júlí 2022	Ábendingar um fornleifaskráningar.
Auður Önnu Magnúsdóttir	Landvernd	12. ágúst 2022	Athugasemdir varðandi umhverfismat, vindorkuver og ósamræmi við aðra stefnu skipulagsins.
Einar S. Einarsson	Landsnet	15. ágúst 2022	Engar athugasemdir.
Drífa Gústafsdóttir	Borgarbyggð	16. ágúst 2022	Ábending um sveitarfélagsmörk.
Árni Snorrason	Veðurstofan	17. ágúst 2022	Ábendingar varðandi hættumat.
Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Hamrar	17. ágúst 2022	Athugasemdir varðandi umhverfismat og vindorkuver.
Ýmsir	Undirskriftarlisti	17. – 24. ágúst 2022	Athugasemd varðandi vindorkuver.
Friðþór Eydal	Sælingsdalur	18. ágúst 2022	Fyrirspurn varðandi vegi í náttúru Íslands.
Bogi Kristinsson Magnúsen	Skarð	25. ágúst 2022	Athugasemdir varðandi landnotkun.
Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir	Vígholtsstaðir / Hagsmunir.is	25. ágúst 2022	Athugasemd varðandi vindorkuver.
Lovísa Ásbjörnsdóttir	Náttúrufræðistofnun Íslands	26. ágúst 2022	Ábendingar varðandi leyfisveitingar, vistgerðir, votlendi, vindorkuver, frístundabyggð, skógrækt, efnistöku, hverfisvernd og sjávarfallavirkjun.
Hlynur Gauti Sigurðsson	Búgreinadeild skógarbænda Bændasamtaka Íslands	26. ágúst 2022	Ábendingar varðandi sauðfjárrækt og skógrækt.
Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Umhverfisstofnun	26. ágúst 2022	Ábendingar varðandi sérstaka vernd, náttúru-minjaskrá, frístundabyggð, skógrækt, fráveitu, náttúruleg, vindorkuver, vatnaáætlun, vatnsvernd, landbúnað, leyfisveitingar og miltisbrand.
Erla Friðriksdóttir	Breiðafjarðarnefnd	26. ágúst 2022	Ábendingar um verndarsvæði Breiðafjarðar.
Guðni Magnús Eiríksson	Fiskistofa	22. sept. 2022	Ábendingar varðandi laxveiðiár.
Ívar Pálsson - Landslög	Skoravík	26. ágúst 2022	Ósk um samráð og athugasemdir vegna göngu-hjóla- og reiðleiða og vegi í náttúru Íslands.



Flestar athugasemdirnar fjalla um þörf á lagfæringum og uppfærslu á einstökum atriðum aðalskipulagstillögunnar. Einnig um samræmingu milli málaflokka. Í mörgum tilfellum snerta athugasemdir breytingar á aðalskipulagi vegna fyrirhuguð vindorkuver í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða í Dalabyggð sem núþegar hafa tekið gildi.

3 Helstu atriði framkominna athugasemda

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir ofangreindar umsagnir og athugasemdir en þær eru flokkaðar eftir efni. Einnig er yfirlit yfir viðbrögð og breytingar á auglýstri tillögu að aðalskipulagi í tengslum við hverja ábendingu. Í lok kaflans er yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar voru vegna vinnufunda, samráðs og yfirferðar umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir samþykkt skipulagsins.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Deiliskipulag og leyfisveitingar	Í tillögunni er lögð almenn áhersla á mikilvægi þess að vernda náttúru svæðisins, m.a. er stefnt að verndun og endurheimt votlendis. Mikilvægt er að þessi áhersla endurspeglis í ákvarðanatöku um einstök deiliskipulagsáform eða leyfisveitingar. Náttúrufræðistofnun telur að þær ábendingar sem komu fram í umsögninni um vinnslutillöguna eigi við að öllu leyti og er því vísað í þá umsögn. Í hnotskurn eru það eftirfarandi atriði ásamt nokkrum nýjum athugasemdum:	Ákvæði þess efnis er að finna í auglýstri tillögu í almennum ákvæðum í köflum 17.3 Verslun og þjónusta, 17.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði, 17.8 Frístundabyggð, 17.9 Afþreyingar- og ferðamannasvæði, 17.20 Vegir, götur og stígar, 17.21 Veitur og helgunarsvæði.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Deiliskipulag og leyfisveitingar	Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.	Stefnumótun í aðalskipulagi myndar ramma um landnotkun, landnýtingu og eftir atvikum leyfisveitingar. Flokkun landnotkunar í aðalskipulaginu byggir á ákvæðum í skipulagsreglugerð, þar sem tilgreint er hvaða starfsemi rúmast innan viðkomandi landnotkunarflokka. Í ákvæðum aðalskipulagsins er auk þess tilgreint nánar hvaða starfsemi er heimil innan viðkomandi svæða. Að mati Dalabyggðar er viðeigandi að starfsleyfi vegna starfsleyfisskyldar starfsemi byggji almennt á deiliskipulagi.
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Efnistaka	Efnisnámmum er fækkað en að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að tryggja frekar verndun merkra setmyndana frá lokum ísaldar sem og hvarfleirs sem er algengur í dalbotnum og sjávarbökkum í Dalabyggð.	Engu breytt. Í kafla 11.9 um stefnu og markmið fyrir efnistöku og vinnslu er tilgreint að heimil sé minniháttar efnistaka til rannsókna og vöruþróunar á jarðleir í botni Hvammsfjarðar, en að vinnsla jarðleirs í atvinnuskyni kallar á breytingu á aðalskipulagi og er eftir atvikum háð umhverfismati. Komi til vinnslu jarðleirs verða áhrif þess metin í umhverfismati skipulagsins og mögulega einnig í umhverfismati framkvæmdarinnar. Í aðalskipulagsbreytingu verða sett ákvæði sem byggja á niðurstöðum matsins. Í kaflanum segir einnig að forðast skuli að raska merkjum jarðminjum frá lokum ísaldar.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Efnistaka	Í greinargerð (bls. 88) segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“ Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu „til eigin nota,“ hver skilningur sveitarstjórnar er á orðalaginu „minniháttar efnistaka“ og hvernig sú efnistaka er flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.	Minniháttar efnistaka skilgreind nánar og ákvæði um hana sett í kafla 11.9 um stefnu og markmið fyrir efnistöku og vinnslu.
Landsnet Einar S. Einarsson	Engar athugasemdir	Landsnet veitti umsögn um vinnslutillögu skipulagsins þann 17. janúar 2022 og eftir yfirferð gagna sem nú fylgdu umsagnarbeiðninni er ekki annað að sjá en brugðist hafi verið við þeim ábendingum sem Landsnet kom á framfæri við vinnslutillöguna. Því gerir Landsnet ekki athugasemdir við skipulagstillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032.	Kallar ekki á viðbrögð.
Skarð Bogi Kristinsson Magnusen	Ferðabjónusta	Skarðsstöð, gamla verslunarhúsið verði merkt inn á aðalskipulagstillöguna sem (ÞV) verslun og þjónustusvæði í samræmi við V6 í gildandi aðalskipulagi 2004-2016.	Svæði AF-3 - Skarðsstöð á Skarðsströnd (1,5 ha) er breytt í VP-17 og ákvæðum breytt til samræmis við það.
Húsavík á Ströndum Hafdís Sturlaugsdóttir	Fjárréttir	Mig langar að benda á að í drögum að aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp og Dalabyggð er ekki teiknuð inn staðsetning á fjárréttum/skilaréttum á svæðinu. Það er heldur ekki listaðar upp réttir í greinargerðum með tillögunni. Þar sem um er að ræða almannasvæði í raun þar sem réttir og girðingar þeim tengdar eru ekki nýtt í neitt annað finnst mér að merkja eigi réttir inn á skipulagsuppdrátt og einnig að lista þær upp í greinargerð með aðalskipulagi.	Ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um fjárréttir, þar sem þær eru hluti af mannvirkjum landbúnaðar. Allt land innan Dalabyggðar, sem ekki er skilgreint til annarra nota, er skilgreint sem landbúnaðarland.
Umhverfistofn un Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Fráveita	Umhverfistofnun bendir á að til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum frárennslis, hreinsun á frárennslis og losun í viðtaka. Umhverfisstofnun vill benda á það að í skólpi eru ekki einungis lífræn efni, næringarefni og saurbakteríur sem sjórinn vissulega eyðir og/eða dreifir, heldur er einnig í skólpi rusl, hættuleg efni og lyfjaleifar sem ekki er hægt að fullyrða að sjórinn eyði og því er mikilvægt að setja upp hreinsun á skólpi sem fyrst.	Engin viðbrögð. Í kafla um fráveitu kemur fram að sjórinn eyði skólpi <i>að hluta til</i> .
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Fráveita	Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að krafa um hreinsun á skólpi frá þéttbýli sem losar undir 10.000 pe. í sjó er að þar sé viðunandi hreinsun. Í viðunandi hreinsun felst, skv. 14. mgr. 3. gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi, að hreinsa skal skólpi með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.-V. viðauka. Frestur til að uppfylla kröfurnar rann út árið 2005. Stofnunin bendir á að í greinargerð þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi hreinsun fráveituvatns og tímaáætlun.	Bætt inn í kafla 14.1 um fráveitu að unnið sé að því að reisa skólphreinsistöð í stað þess að það standi til. Einnig eru í stefnukaflanum sett þau tímamörk að allt skólpi í fráveitukerfinu fari í gegnum hreinsistöð áður en því er veitt út í sjó, þegar á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Fráveita	Umhverfisstofnun bendir á að hreinsun skólps frá einstaka húsum skal vera tveggja þrepa í samræmi við 13. gr. reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er því ekki fullnægjandi hreinsun frá einstaka húsum. Betra væri að tala almennt um tveggja þrepa hreinsun frá einstaka húsum fremur en að þrengja hreinsiaðferð við rotþró og siturbeð. Þá mætti nota hugtakið hreinsivirki í staðinn.	Hugtakið hreinsivirki sett inn í staðinn fyrir rótþró í kafla 14.1 um fráveitu, markmið og stefna.
Náttúrfraeði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Frístundabyggð	Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun frístundahúsa, bæði á þegar skipulögðum frístundasvæðum sem og nýjum svæðum. Náttúrfraeðistofnun leggur áherslu á að við skipulag sé tekið tillit til náttúrufræðisvæðna þeirra svæða sem á að taka undir slíka byggð. Frístundabyggðir breyta einnig landslagi og geta haft áhrif á merkar jarðminjar, skemmt þær eða breytt sýnileika þeirra og aðgengi að þeim. Æskilegast er að staðsetja frístundabyggð á lítt grónum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið raskað með öðrum mannvirkjum og/eða skógrækt, m.a. til að takmarka búsvæðatap mófugla og ofangreind jaðaráhrif. Vísað er í frekari umfjöllun um áhrif á mófugla í umsögn Náttúrfraeðistofnunar um vinnslutillöguna.	Stefna Dalabyggðar er að þær heimildir eru fyrir frístundabyggðum í gildandi aðalskipulagi verði áfram til staðar í endurskoðuðu skipulagi. Fjöldi frístundahúsa er því lítið breyttur. Bætt er í umfjöllun um frístundabyggð í kafla 10.6 (Markmið og stefna - Byggð) texta um hvar æskilegt sé að staðsetja frístundabyggð.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Frístundabyggð	Í greinargerð á bls. 126 kemur fram að ekki má skerða náttúrufræðisvæðna sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að á landnotkunarreitum F30, F29, F28, F32 eru náttúrulegir birkiskógar og að landnotkunarreitir F23, F24 og F25 liggja í votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá liggur F9 norðan vegar einnig í votlendi. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir á ofangreindum svæðum geti haft neikvæð áhrif á vistkerfin og mikilvægt sé að landnotkunarreitir taki mið af markmiðum tillögunnar og ákvæðum náttúruverndarlaga. Verndun votlendis er aðgerð 1.4 í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Unnið er að koma á þeirri meginreglu að votlendi sé endurheimt en ekki raskað.1	Í almennum ákvæðum fyrir frístundabyggð í kafla 17.8 eru sett ákvæði um uppbyggingu m.a. með tilliti til verndunar. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja að fyrirkomulag frístundabyggðar taki mið af aðstæðum og skerði ekki náttúru- og menningarmínjar. Í ljósi þess að nokkur óvissa er um nákvæmni vistgerðarkorta NÍ er settur fyrirvari um uppbyggingu á þeim svæðum sem um ræðir, á þann veg að áður en til uppbyggingar kemur verði gerð könnun á vistgerðum á svæðinu og eftir atvikum verði skipulagi breytt.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Göngu- og hjólástígar	Samkvæmt skipulagsuppdrætti hinnar kynntu tillögu er nú gert ráð fyrir göngu- og/eða hjólástíg inn samhliða reiðstíg á landi umbjóðanda míns. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er eingöngu gert ráð fyrir göngu- og reiðstíg á þeim stað þar sem gamla þjóðleiðin um Skoravíkurland lá áður. Í greinargerð með tillögunni aðalskipulagi er ekki að finna neina skýringu á hvernig slíkir stígar eiga að vera eða í hvað framkvæmdir þarf að ráðast vegna þeirra. Í greinargerð kemur eingöngu fram að „[á] fáförnum leiðum í dreifbýli skal miða við lágmarksframkvæmdir og huga að samnýtingu með reiðleiðum.“ Ekki kemur fram hvort gert sé ráð fyrir uppbyggingu á tveim aðskildum stígum eða hvort einungis sé verið að skilgreina gamla þjóðveginn sem liggur um land Skoravíkur sem göngu-/hjóla og reiðstíg. Þá liggur ekki fyrir hvernig viðhaldi og umsjá verður háttað. Að mati eigenda Skoravíkur og Skoravíkurlands 3 skortir því mjög á lýsingu á fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu og þeim framkvæmdum fylgja munu í kjölfarið. Vegna framangreinds er eigendum Skoravíkur og Skoravíkurlands 3 gert mjög erfitt fyrir um að leggja mat á tillöguna og setja fram efnislegar athugasemdir. Umbjóðandi minn mótmælir því breytingunni.	Hjólaleið í landi Skoravíkur felld út, þannig að um óbreytta stefnu verður að ræða frá fyrra aðalskipulagi, þ.e. að gamli þjóðvegurinn geti áfram nýst sem göngu- og reiðleið eins verið hefur. Gönguleiðin hefur fengið nýtt númer VE-GL1 og ákvæð sett í kafla 17.20.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Göngu- og hjólástígar	Þá er einnig vísað til þess að uppbygging á göngu-/hjóla og reiðstíg mun skerða möguleika landeigenda til þess að hefja búrekstur að nýju á jörðinni enda munu hinir fyrirhuguðu stígar skerða ræktað land jarðarinnar. Minnt er á að ræktanlegt land á þessu svæði er takmarkað. Til dæmis eru einungis um 145m frá Skoravíkurmúla að sjávarkambi og um 65m frá Skoravíkurbænum.	Ekki er gert ráð fyrir sérstakri uppbyggingu leiðarinnar og því mun landið ekki skerðast miðað við þá nýtingu sem nú er. Óski landeigandi eftir því að leiðinni verði hnikað til kann það að kalla á jarðrask. Slíkt er þó hægt að endurbæta í samráði við landeiganda.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Göngu- og hjólástígar	Þá ganga hinar fyrirhuguðu breytingar einnig gegn drögum að Landsbúnaðarstefnu Íslands „Ræktum Ísland“ sem kynnt var í september 2021. Í stefnunni er sérstaklega tekið fram að taka skuli mið af landbúnaðarstefnunni við framkvæmd matvælastefnu, í ferðaþjónustu og við mótun orkustefnu, landskipulagsstefnu, samgönguáætlunar, fjarskiptaáætlunar og annarra byggða- og mannvirkjaáætlana. Að mati umbjóðanda míns gengur uppbygging göngu-/hjóla og reiðstígs, sem skerðir möguleika til ræktunar, gegn samþyktri landbúnaðarstefnu.	Þar sem ekki er um uppbyggingu nýs vegar að ræða, heldur óbreytt nýting á núverandi leið, eru áhrif á ræktunarmöguleika engin.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Göngu- og hjólástígar	Almennur stígur mun að auki skerða möguleg afnot umbjóðanda míns og friðhelgi og mögulega uppbyggingu annarskonar starfsemi á jörðinni.	Göngu- og reiðleið um þetta svæði er í fyrra aðalskipulagi og núverandi landeiganda hefur væntanlega verið kunnugt um það þegar landið var keypt.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Göngu- og hjólástígar	Umbjóðandi minn vill einnig minna á að nauðsynlegt sé að vinna mál af þessum toga í samvinnu við landeigendur. Næsta víst er að slík áform munu ekki ná fram að ganga nema með samningum við landeigendur. Ekki verður ráðist í neinar framkvæmdir á jörð umbjóðanda míns nema með samþykki hans. Ólíklegt verður að telja að hægt sé að knýja slík áform fram með eignarnámi á grundvelli almannaréttarsjónarmiða auk þess sem slíkt yrði of dýrt í framkvæmd.	Löng hefð er fyrir leið um þetta svæði og samræmist hún IV. kafla Almannaréttur, útivist og umgengni í lögum um náttúruvernd nr.60/2013. Ekki stendur til að byggja leiðina upp.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Búgreinadeild skógarbænda Bændasamtak a Íslands Hlynur Gauti Sigurðsson	Landbúnaðarland	Það er fagnaðarefni þegar sveitarfélag sameinast um stefnu í landbúnaði. Það vekur eftirtekt að samstaða sé um að gera sauðfjárbúskap hærra undir höfði en öðrum búgreinum eins og kemur fram í fyrstu upptalningu við stefnu Dalabyggðar: „Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.“	Kallar ekki á viðbrögð.
Búgreinadeild skógarbænda Bændasamtak a Íslands Hlynur Gauti Sigurðsson	Landbúnaðarland	Að verðskulduð viðurkenning sauðkindarinnar sé tiltekin sérstaklega í stefnumörkun sveitarfélags vekur aðdáun um samheldni heillar sveitar. Í næstu liðum á eftir er tilvera sauðkindarinnar verðlaunuð með stefnu um efla innviði og styrkari sjálfbærni svo fátt eitt sé nefnt. Sauðfjárbúskapur í bland við skógrækt er sú vegferð sem vænlegust er inn í framtíðina. Vel hirtur nytjaskógur þar sem fé getur gengið um frjálst er vafalítið draumur sem vert er að stefna að. Reynslan um land allt sýnir að fé sækir í að komast inn í skóga og þarf þá að girða fyrir aðgang um stundar sakir á meðan skógurinn nær tilteknum vexti. Skjólgóð og um leið opin beitaraskógrækt bíður upp á aukin fallþunga lamba, auðveldari beitarstýringu og hægt er að lengja sláturtíð ef áhugi og vilji er fyrir því. Að lokum, þessu máli til stuðnings og til að koma í veg fyrir misskilning. Hér áður þótti það viðtekin venja að skógarbændum þætti skógar og sauðfé ekki eiga samleið, þá er hér hlekkur á upplifgandi myndband sem útskýrir víðsýna afstöðuna í máli og myndum. Verðlaunafé. https://www.youtube.com/watch?v=aZJeXKYWga8&t=1s	Kallar ekki á viðbrögð.
Búgreinadeild skógarbænda Bændasamtak a Íslands Hlynur Gauti Sigurðsson	Landbúnaðarland	Í öðrum flokki landbúnaðarlands er varað við notkun ágengra tegunda. Betra væri að breyta þessari orðanotkun því ágeng tegund er nokkuð persónubundin. Hér er gerð sú tillaga að nota fremur það orðalag að varast notkun tegunda sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika.	Breytt í kafla 5 Markmið og stefna - Lífríki og landslag, kafla 11.3 Markmið og stefna - Landbúnaður og kafla 17.13 Almenn ákvæði.
Búgreinadeild skógarbænda Bændasamtak a Íslands Hlynur Gauti Sigurðsson	Landbúnaðarland	Þriðji flokkur landbúnaðarlands hentar vel til beitar og ekki síður til skógræktar. Þessir tveir að því er virðist ólíku hagsmunahópar geta vel farið saman auk ýmissa annarra á borð við ferðaþjónustu, útivist og hlunnindi sem fylgja aukinni grósku með skógi.	Kallar ekki á viðbrögð.
Umhverfisstofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Landbúnaðarland	Í greinargerð kemur fram að landi í flokki IV er óheimilt að raska sbr. lög um náttúruvernd og almennt ekki heimilt að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almannahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfum, sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga, er ekki einungis brýn nauðsyn sem réttlætir röskun heldur þarf einnig að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.	Bætt inn í almenn ákvæði í kafla 17.13.
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Menningarminjar	Í fyrri umsögnum Minjastofnunar um vinnslutillögu aðalskipulags Dalabyggðar var vakin athygli á því að áður en aðalskipulag væri samþykkt þyrfti skráning fornleifa, mannvirkja og húsa að fara fram skv. 16. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Í reglum um skráningu jarðfastra menningarmínjar nr. 620/2019 er ítarlegri útskýring á því í hverju slík skráning væri falin. Ýmsar fornleifaskráningar hafa verið unnar í tengslum við deiliskipulagsgerð. Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna hefur staðið að fornleifaskráningum og rannsóknum. Skráning eða rannsóknir hafa farið fram í Akureyjum (aðalskráning fornleifa), Hörðudal (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Saurbæ (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Skógarströnd (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Haukadal (fornleifarannsóknir), Öxney (fornleifarannsókn). Auk þessa hefur fornleifaskráning farið fram í Ólafsdal á vegum Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins. Margar af þessum fornleifaskráningum uppfylla ekki nógildandi skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Þannig er t.d. farið fram á það í dag að staðsetning og útlínur fornleifa séu sýndar á uppdráttum sem unnir eru fyrir deiliskipulag. Minjastofnun mun fara fram á að skráningar verði uppfærðar í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir einstök svæði eða undirbúning framkvæmda innan sveitarfélagsins, t.d. skógrækt eða efnistöku. Æskilegt væri því að fornleifaskráning í sveitarfélaginu öllu yrði framkvæmd í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Í sveitarfélaginu eru 10 friðlystar og um 34 friðaðar byggingar. Í 16. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 er kveðið á um að skráning húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Húsa- og mannvirkjaskráning skal unnin af fagaðilum er búa yfir sérþekkingu á sviði byggingarlistar og byggingarsögu, heimildaöflun og reynslu á sviði skráningar og skal skráningin vera í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands.	Stefnu bætt við í kafla 7.4 um að hefja vinnu við að ljúka fornminjaskráningu og húsa- og mannvirkjaskráningu í öllu sveitarfélaginu, samkvæmt nógildandi skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Menningar- minjar	Í umfjöllun um menningar- og búsetuminjar í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er fjallað um menningarminjar, markmið og stefnu. Leitast verður við að vernda sérstætt landslag og landslagsheildir í Dalabyggð, sérstaklega m.t.t. sjónrænna þátta, varðveita það menningarlandslag sem mótað hefur svæðið um aldir og ráðist hefur af nýtingu landsins, standa vörð um byggingararf svæðisins og taka tillit til hans við mannvirkjagerð, vernda sérstöðu svæðisins í landslagi, draga sögu og menningu fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð, svo sem á áfangastöðum ferðamanna og viðhalda landbúnaðarlandslagi, s.s. með túnslætti og góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja.	Kallar ekki á viðbrögð.
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Menningar- minjar	Í kafla 18 í greinargerð tillögunnar eru viðbótarákvæði vegna minjaverndar segir: Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara sbr. 31. gr. laga um menningarminjar. Þetta ákvæði á að gilda líka yfir friðuð hús og mannvirki. Minjastofnun telur þörf á að ítreka að óheimilt er að veita leyfi til bygginga, framkvæmda, eða skógræktar án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019 auk þess sem skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að hafa farið fram áður en deiliskipulag er samþykkt skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 4. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019. Það kann að reynast erfitt að taka tillit til menningarminja og nýta þær til kynningar ef þekking um þær eru ekki til staðar en auk þess er óheimilt að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands. Allar breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast til Minjastofnunar sérstaklega, sbr. 29., 30. og 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það er því mikilvægt að vinna allar tillögur varðandi nýtingu menningarminja í samráði við Minjastofnun og að framkvæmdir sem fela í sér jarðrask komi til umsagnar hjá stofnuninni.	Texta um skilyrði um skráningar við deiliskipulagsgerð og veitingu framkvæmdaleyfis bætt inn í kafla 7.4. Ákvæði vegna leyfisveitinga bætt inn í almenn ákvæði í kafla 18.1.
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Menningar- minjar	Rétt er svo að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.	Bætt inn í almenn ákvæði í kafla 18.1
Skarð Bogi Kristinsson Magnusen	Miltisbrandur	TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN, VA-11 Skarðsstöð (1 ha) Óviss lega bls. 184: Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdi við svæðið við Skarðsstöð í landi Skarði verði merkt sem VA (merk sem miltisbrandssýkt svæði). Einungis er um munnmælasögur og rógburð að ræða frá einum aðila og er það ekki gert að velvild heldur í óþökk landeiganda. Engin vísindi eru á bak við þessa sögur né rökstuðningur. Í Skarðsstöð var rekin verslun og þjónusta hér á árum áður og einnig sláturhús. Tveir vatnsbrunnar eru staðsettir á svæðinu sem var notað til drykkjar og sláturafurðir þvegnar með sama vatni. Ef þessi rógburður væri réttur hefðu Skarðstrendingum fækkað svo um munar fyrir ca 70 - 100 árum þegar mannlíf í Skarðsstöð var sem mest, sem drukku vatnið og þvoðu skrokka í sláturhúsinu. Nú er komið svo fyrir að sett hefur verið niður stika sem stendur um varúðarsvæði sé að ræða. Svæðið er klapparholt og ca 10-15 sm niður á hana í gegnum grasrótina. Ekki var fengið leyfi landeigenda, eða þeir hafðir með í ráðum með að setja niður þessa „stiku“ í Skarðsstöð. Farið er á leit við sveitarfélagið að fjarlægja þessa stiku þar sem ekkert stendur fyrir þessu né leyfi fyrir. Er það hálf einkennilegt að „einhver aðili“ geti rekið niður stiku merkt varúðarsvæði í leyfisleysi og af eigin geðþótta án þess að hafa nein vísindaleg rök fyrir né heimildir fyrir slíkri framkvæmd. Vil ég vitna Breiðfirðing í grein Einars G, Péturssonar „Vitleysa á kreiki“ um fjárdauðan á Skarði á Skarðsströnd veturinn 1865 ásamt fleiri gögnum sem ekki verða send til birtingar. Tel ég það vera grafalvarlegt ef sveitarfélagið fer að koma að því, með því að setja það inn í aðalskipulag sveitarfélagsins þar sem þetta snýr ekki að skipulagsmálum né framtíðaráætlun til næstu 12 ára. Með þessum hætti yrði vitnað í það sem heimild seinna meir of svo bæri undir. Farið er fram á að tekið verði út allt sem viðkemur VA -11 í greinargerð, uppdætti og gögnum í endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032. Undirritaður er tilbúinn að mæta til svara hjá skipulagsnefnd og sveitarstjórn ef þess er óskað til staðfestingar á þessu athugasemdum mínum.	Samkvæmt 12. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 skal Umhverfisstofnun, í samstarfi við heilbrigðisnefndir, gera yfirlit yfir eldri svæði sem eru menguð eða þar sem grunur er um mengun og skulu svæðin skráð í skrá yfir menguð svæði, sbr. 11. gr. Yfirlitið skal byggja á fyrirliggjandi upplýsingum og skal m.a. taka tillit til þess hvort aflagðir urðunarstaðir úrgangs eða önnur förgun úrgangs hafi farið fram á viðkomandi svæði. Samkvæmt 13. gr sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags. Umhverfisstofnun vinnur nú í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði, en þar verða upplýsingar skráðar um svæði þar sem grafin hafa verið dýrahæ, þ.m.t. miltisbrandsgrafir. Allar upplýsingar um staðsetningu miltisbrandsgrafa eru teknar út úr skipulaginu, þ.e. á uppdætti og í kafla 18.2 eru aðeins sett almenn ákvæði um miltisbrandsgrafir. Einnig er mynd 11-16 í kafla 11.10 felld út.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Miltisbrandur	Í greinargerð á bls. 90 er fjallað um miltisbrandsgrafir í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg er stofnunin að vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Þar verða upplýsingar skráðar um svæði þar sem grafin hafa verið dýrahæ, þ.m.t. miltisbrandsgrafir. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags.	Upplýsingum um reglugerðina bætt inn í kafla 11.10 um miltisbrandsgrafir. Vegna ábendinga um ónákvæmni eru miltisbrandssvæðin tekin út af uppdrætti og viðeigandi svæði tekin út í kafla 18.2. Þegar skráning UST hefur lokið við skráningu í gagnagrunn verða þær teknar til skoðunar í breytingu á aðalskipulagi.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Náttúruleg	Í greinargerð er fjallað um ferðaþjónustu í Hlíð (VP8) þar sem heimilt er að hafa þjónustuhús og allt að 15 útleiguhús og þar eru einnig náttúrulegar, afþreying og útivistarleiðir. Umhverfisstofnun telur að náttúrulegarnar, sem eru hér til umfjöllunar, geti fallið undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreining á náttúrulegum sé skýrari í tillögunni og tekið sé mið af 3. gr. ofangreindrar reglugerðar þar sem fjallað er um skilgreiningar.	Kallar ekki á viðbrögð. Náttúruleg var ranglega tilgreind í vinnslutillögu en hafði verið tekin út í auglýstri tillögu.
Náttúrfraeði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Náttúruminja- skrá	Nokkur svæði sem Náttúrfraeðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár finnast í Dalabyggð. Gert er grein fyrir þeim í aðalskipulagstillögunni en að mati Náttúrfraeðistofnunar er verndun þeirra ekki tryggð og tiltekin áform ógna þeim, sér í lagi tillögunni um Laxárdalsheiði sem er einnig metin sem mikilvægt fuglasvæði. Þar vega þyngst áform um uppbyggingu vindorkuvera við Hróðnýjarstaði og Sólheima sem þegar hafa verið staðfest með sérstakri aðalskipulagsbreytingu. Áformin eru bæði í umhverfismatsferli sem ekki er lokið en Náttúrfraeðistofnun telur nokkuð víst að niðurstaða þess muni sýna fram á að vindorkuverin muni ógna stórum landsvæðum þar sem finnast m.a. votlendi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, óbyggð víðerni sem munu skerðast og síðast en ekki síst mikilvæg búsvæði fugla m.a. tegunda sem eru sjaldgæfar og einkennandi fyrir landshlutann og þekkt er að þoli illa návist við vindorkugarða. Þar er haförnninn lykiltegund.	Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vegna vindorku hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Í skipulagsbreytingunum eru svæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í því felst að ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjanakosta og einungis er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfis skyldar, enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Náttúruminja- skrá	Í greinargerð á bls. 34 er fjallað um Söltudý sem er á náttúruminjaskrá, en einnig þarf, að mati Umhverfisstofnunar, að fjalla um svæðið í kafla 18-5 og afmarka á skipulagsuppdrætti.	Svæði ÖN-7 bætt inn í kafla 18.5 og á uppdrátt.
Veðurstofan Árni Snorrason	Náttúruvá	Veðurstofunnar vísar til umsagnar dags. 17.01. 2022 en brugðist hefur verið við ábendingum að mestu leiti. Þó er rétt að ítreka eftirfarandi: 4.3. Ofanflóð Ítrekuð er umsögn Veðurstofunnar frá 17.01.2022. en hættumeta þarf allar nýbyggingar sem reistar eru á svæðum þar sem getur verið hætt við ofanflóðum, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.	Bætt inn í kafla 4.3
Breiðafjarðar- nefnd Erla Friðriksdóttir	Náttúruvernd	Á blaðsíðu 26 í kafla um lífríki kemur fram að „tvær fuglategundir á válista, haförn og þórshani, [séu] óvenju algengar á Breiðafirði“. Samkvæmt gögnum Náttúrfraeðistofnunar Íslands eru ellefu fleiri fuglategundir á mismunandi válistum á verndarsvæði Breiðafjarðar . Þær tegundir sem njóta alþjóðlegrar verndar eru fyll, dílaskarfur, toppskarfur, æðarfugl, svartbakur, rita, kría, teista, lundi og hvítmáfur.	Bætt inn í kafla 3.6.
Breiðafjarðar- nefnd Erla Friðriksdóttir	Náttúruvernd	Á blaðsíðu 26 er einnig fjallað um selveiðar. Selveiðar eru nefndar sem hlunnindi sem fylgja jörðum við Breiðafjörð. Samkvæmt reglugerð 1100/2019 eru selaveiðar óheimilar á íslensku forráðasvæði nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofnu.	Bætt inn í kafla 3.6
Breiðafjarðar- nefnd Erla Friðriksdóttir	Náttúruvernd	Mögulega þurfa fleiri atriði betri skýringar í aðalskipulagstillögunni með tillit til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin vekur athygli á ofangreindum atriðum en útilokar ekki að eitthvað hafi farið fram hjá henni.	Kallar ekki á viðbrögð.
Breiðafjarðar- nefnd Erla Friðriksdóttir	Náttúruvernd	Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að birting verndarsvæðis í aðalskipulagstillögunni verði í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um verndarsvæðið enda er verndarsvæðið mikilvægur hluti af skipulagi sveitarfélagsins.	Svæðið er birt á uppdráttum samkvæmt afmörkun UST.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Náttúruvernd	Fyrir utan Breiðafjörð eru engin friðlýst svæði í sveitarfélaginu og þá er stefnt að minnkun, endurskilgreiningu og niðurfellingu á hverfisvernd á nokkrum svæðum og ekki koma fram ástæður þess. Þetta er miður að mati Náttúrufræðistofnunar. Jákvætt er hins vegar að skilgreind eru ný hverfisverndarsvæði í nágrenni æðarvarpa sem ná yfir vistgerðir með hátt verndargildi t.d. sjávarfitjar og votlendi. Í aðalskipulagstillögunni eru sett fram markmið um að auka verndun votlendis og merkra birkiskóga en engin svæði eru sérstaklega skilgreind fyrir þetta en þar hefðu að mati Náttúrufræðistofnunar verið ærin tilefni fyrir ný hverfisverndarsvæði.	Hverfisverndarsvæði voru endurskoðuð í skipulagsgerðinni í ljósi reynslu á skipulagstímanum og nákvæmari grunngagna, ásamt því að gera verndunina markvissari. Votlendi aðliggjandi æðarvarpi nýtur nú einnig hverfisverndar ásamt sjávarfitjum og leirum (HV-1), eins og fram kemur í kafla 8. Í lýsingu fyrir HV-1 í kafl 18.5 vantaði að tilgreina votlendi en því hefur nú verið bætt inn. Dagverðarnes og Arnarbæli nýtur hverfisverndar (HV-8) m.a. vegna gróðurfars en þar er að finna birkiskóga. Í lýsingu fyrir HV-8 í kafl a 18.5 er aðeins tilgreint gróðurfar en nú hefur <i>birkiskógum</i> verið bætt inn auk votlendis.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Samráð	Stjórn Landverndar sendi ítarlega umsögn við vinnslutillögu vegna aðalskipulagsins þann 18. janúar 2022 og vísar í hana hér ² . Áhyggjur stjórnar samtakanna eru áfram þær sömu og fram koma í athugasemdum við vinnslutillöguna og snúa fyrst og fremst að uppbyggingu stórra vindorkuvera. Þá telur stjórn Landverndar að sveitastjórn hafi ekki átt nauðsynlegt samtal við íbúa sveitafélagsins um þær gríðarlegu breytingar sem felast í því að breyta blómlegu landbúnaðarhéraði og lítt snortnum heiðarlendum ríku af fjölbreyttum náttúruverðmætum í iðnaðarsvæði. Þessi stefna um slíka iðnaðaruppbyggingu helst ekki í hendur við önnur markmið sveitarfélagsins í stefnu þess um verndun náttúru og landslagsheilda.	Vísað er til málsmeðferðar vegna skipulagsbreytinga vegna vindorkuveranna, sem þegar hafa tekið gildi.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Samráð	Með bréfi, dags. 18. janúar 2021, gerði undirritaður f.h. Skoravíkur og Skoravíkurlands 3, athugasemdir við vinnutillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar, sem þá lá frammi til kynningar. Athugasemdin laut að hugmynd um að leggja göngu- og/eða hjólastíg um land Skoravíkur. Í kjölfar athugasemdanna voru fulltrúar landeigenda boðaðir til fundar til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem þeir gerðu. Umbjóðendum mínum þykir miður að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda og sjónarmiða þeirra.	Stefna Dalabyggðar er að breyta ekki fyrra aðalskipulagi hvað varðar göngu- og reiðleið um land Skoravíkur.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Samráð	Verði ekki fallið frá breytingunni eða samið um málið við umbjóðanda minn áskilur hann sér rétt til þess láta reyna á lögmæti slíkrar ákvörðunar og eða til að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem fyrirhugað aðalskipulag kann að valda á verðmæti jarðarinnar á grundvelli 51. gr. laga nr. 123/2010.	Fallið er frá því að göngu- og reiðleiðin um Skoravík sé einnig skilgreind sem hjólaleið og er því um óbreytta stefnu að ræða frá fyrra aðalskipulagi.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Sérstök vernd	Í greinargerð á bls. 33 er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og svæðin sýnd á mynd 5-2 og ákvæði greinarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfum og/eða jarðminjum, sem falla undir greinina, þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum valkostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.	Í almennum ákvæðum fyrir verslun- og þjónustu (kafla 17.3), efnistöku (kafla 17.7), frístundabyggð (kafla 17.8), afþreyingar- og ferðamannasvæði (kafla 17.9), skógrækt (kafla 17.14), vegir (kafla 17.20) og veitur (17.21) eru ákvæði um uppbyggingu m.a. með tilliti til verndunar. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja að fyrirkomulag byggðar/landnotkunar taki mið af aðstæðum og skerði ekki náttúru- og menningarmínjar. Í ljósi þess að nokkur óvissa er um nákvæmni vistgerðarkorta NÍ er settur fyrirvari um uppbyggingu á þeim frístundasvæðum sem um ræðir, á þann veg að áður en til uppbyggingar kemur verði gerð könnun á vistgerðum á svæðinu og eftir atvikum verði skipulagi breytt. Stefna Dalabyggðar er að breyta ekki afmörkun frístundabyggða sem þegar er skipulagsleg heimild fyrir, sbr. gildandi aðalskipulag og deiliskipulag. Ákvæðum um hönnun og deiliskipulag bætt inn í kafla 17.6.
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Sjávarfalla- virkjun	Fjalla þarf betur um möguleg umhverfisáhrif sjávarfallavirkjunar sem í skoðun er við Straum í utanverðum Hvammsfirði.	
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Skógrækt	Í skipulaginu er stefnt að því að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin, m.a. með skógrækt, og nefnt að greinin fari vaxandi í sveitarfélaginu. Í greinargerðinni má finna leiðbeinandi markmið um að skógrækt megi ekki hafa neikvæð áhrif á lífríki, landslag og jarðminjar og er það vel en vísað er aftur í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar þar sem fjallað er frekar um áhrif skógræktar. Þá skiptir máli að þessum markmiðum sé fylgt eftir þegar leyfi eru veitt t.d. framkvæmdaleyfi.	Kallar ekki á viðbrögð.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir	Skógrækt	Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“	Þetta kemur nú þegar fram í kafla 11.3 um skógrækt. Bætt inn í kafla 9 Markmið og stefna - Óbyggð svæði.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Skógrækt	Í greinargerð segir að við val á svæðum til skógræktar skuli sneitt hjá þekktum náttúruog menningarminjum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og menningarminjar og tryggja verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sbr. kafla 5. Í greinargerð á bls. 71 á mynd 11.3 eru sýnd þau svæði sem eru skógræktarsamningar. Umhverfisstofnun bendir á að nokkur svæði, sem samningarnir ná til, ná yfir votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/20136, eins og við Háls, Svínhólshlíð og í Hvammssveit. Umhverfisstofnun bendir á að skógrækt á þessum svæðum geti raskað votlendi og því mikilvægt að ekki sé skógrækt á votlendissvæðum í samræmi við ákvæði laganna og markmið skipulagstillögunnar.	Í almennum ákvæðum í kafla 17.14 eru ákvæði sem eiga að tryggja að ekki verði raskað votlendi, náttúruvirkum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjum skv. lögum um menningarminjar
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Skógrækt	Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þessi svæði séu sýnd á uppdrætti skipulagstillögunnar, en samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að skógræktarog landgræðslusvæði (SL) séu þau svæði sem eru fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.	Ákvæði eru sett um skógræktar og landgræðslusvæði (SL) í kafla 17.14. Ekki er talin ástæða til að birta þessi svæði á uppdrætti.
Borgarbyggð Drífa Gústafsdóttir	Sveitarfélags- mörk	Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að gæta þurfi samræmis milli skipulagsmarka tillögunnar við afmarkanir nærliggjandi sveitarfélaga. Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 að öðru leyti. Sveitarstjórn beinir því til Dalabyggðar að kanna sveitarfélagamörk milli Borgarbyggðar og Dalabyggðar.	Sveitarfélagsmörk eru skv. opinberum gögnum LMÍ.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Umhverfismat	Aðfararorð Í umhverfismatsskýrslu Dalabyggðar, sem er hluti af framangreindri tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2020 – 2032, segir meðal annars í kafla, sem ber yfirskriftina „Valkostir um vindorkugarða“ (bls. 5), að áætlanir séu um uppbyggingu tveggja vindorkugarða, nánar tiltekið í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima, en þessar framkvæmdir hafi ekki verið hluti að heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Í tengslum við vinnu við breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar hafi verið bornir saman valkostir um stefnu aðalskipulagsins varðandi þessa vindorkugarða. Í fyrsta lagi hafi það verið núllkostur sem fól í sér að ekki yrði af uppbyggingu vindorkugarðanna og viðkomandi svæði væru áfram skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Í öðru lagi valkostur 2, sem feli í sér að staðsett verði nýtt iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver, annað hvort á Sólheimum (allt að um 40 vindmyllur) eða á Hróðnýjarstöðum (allt að 30 vindmyllur). Í þriðja lagi valkostur 3 að staðsetja ný iðnaðarsvæði fyrir tvö vindorkuver fyrir allt að 70 vindmyllur, á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum. Helstu niðurstöður samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinganna séu að núll kostur sé talinn hafa óveruleg áhrif á þá þætti sem metnir voru. Áhrif af valkosti 2 séu meðan annars talin óveruleg á jarðmyndanir, landnotkun, verndarsvæði og heilsu og öryggi. Áhrifin séu metin neikvæð á gróður og dýralíf, ásynnd og landslag, en jákvæð á samfélag. Áhrif á minjar séu talin óviss eða óveruleg, eftir stöðu fornleifaskráningar á þessum stöðum. Valkostur 3 eigi að sýna samlegðaráhrif á umhverfið og einkum sé um að ræða neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og ásynnd og landslag. Jákvæð áhrif séu á samfélag og séu þau samlegðaráhrif eins og í öðrum þáttum samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinga fyrir vindorkugarða.	Í kaflanum um valkosti um vindorkuver á bls. 5 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áformin séu hluti af eldra aðalskipulagi. Umfjöllun í kaflanum er samantekt á niðurstöðu umhverfismats aðalskipulagsbreytinganna vegna vindorkuveranna sem þegar hafa tekið gildi.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Umhverfismat	<p>Aðfararorð, framhald.</p> <p>Síðar segir (bls. 8) að áhrifavaldar eða áhrifaþættir aðalskipulagsins séu þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Sé umhverfismatinu „ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu.“</p> <p>Um stakar framkvæmdir segir (bls. 39) um framangreind áform um vindorkuver á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum að hvað varðar umhverfisáhrif þessara framkvæmda sé vísað til umfjöllunar um umhverfisáhrif aðalskipulagsins „í heild og skipulagsferilsins vegna breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar og umhverfismati framkvæmda vegna vindorkugarðanna. Í því sambandi er vísað til framkvæmdarinnar sjálfar, efnistöku, vegagerðar og lagningu strengja að flutningskerfi Landsnets.“</p> <p>Þá segir í skýrslunnin (bls. 40) að í aðalskipulaginu séu sett fram meginmarkmið í þremur þemum; náttúra, samfélag og innviðir og byggji stefna skipulagsins á samþættingu þessara markmiða. Þrátt fyrir að þessi markmið taki tillit til hvers annars sé mikilvægt að huga vel að innbyrðis samræmi við nánari útfærslu og framkvæmd stefnunnar. Sérstaklega þurfi að huga að samræmi stefnu um náttúruvá og öryggi, lífríki og landslag og menningar- og búsetuminjar við aðra hluta stefnunnar. Einnig þurfi að huga sérstaklega að stefnu um auðlindir og atvinnuuppbyggingu en stefna um þessi viðfangsefni snerti flesta aðra þætti skipulagsins og ekki síst náttúru- og menningarminjar. Í því sambandi sé sérstakleg vísað til fyrirhugaðrar vindorkunýtingar, sbr. breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna tveggja „vindorkugarða“ (vindorkugarður er sakleysilegt nafn á þessari stórelldu framkvæmd og verður því hér á eftir notast við meira viðeigandi orð yfir þessa framkvæmd; vindorkuver). Umrædd stefnumörkun sé ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins, en fyrir liggja að umræddar skipulagsákvæðanir „munu hafa neikvæð áhrif á lífríki og landslag til langs tíma litið, þ.e. meðan orkuvinnsla stendur yfir.“ Þegar orkuvinnsla ljúki sé „mögulegt“ að endurheimta „hluta“ þeirra náttúrugæða með niðurrifi mannvirkja og frágangi svæða og hafi verið sett ákvæði um það efni.</p> <p>Um svonefnda rammaáætlun segir (bls. 42) að óvissa sé um hvort fyrirhuguð vindorkuver í Dalabyggð, sem nú séu í umhverfismat- og skipulagsferli, falli undir hana. Þó skuli vísað til ákvörðunar innviðarráðherra 5. apríl 2022 um synjun staðfestingar á breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar varðandi vindorkuver á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum þar sem fram komi að umræddar skipulagsbreytingar samræmist ekki lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) hvað varðar efni og framsetningu.</p>	<p>Í kaflanum um valkosti um vindorkuvera á bls. 5 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áformin séu hluti af eldra aðalskipulagi. Umfjöllun í umhverfismatsskýrslu er samantekt á niðurstöðu umhverfismats aðalskipulagsbreytinganna vegna vindorkuveranna sem þegar hafa tekið gildi.</p> <p>Í skipulagsbreytingunum eru vindorkusvæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.</p>
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Umhverfismat	<p>Stjórn Landverndar hafnar með öllu niðurstöðu umhverfisskýrslu um vindorkuver um að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg eða að áhrifin á samfélag séu jákvæð (bls. 5 í umhverfisskýrslu). Landvernd sendi inn umsögn um breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuveranna (dags. 20. januar 2021)² og vísar í þær hér. Innviðarráðherra hafnað því að breyta megi aðalskipulagi vegna vindorkuvera sem ekki eru í nýtingaflokki rammaáætlunar³ og því ætti öll umfjöllun um vindorkuver að hverfa úr tillögu um breytt aðalskipulag. Þrátt fyrir að um varúðarsvæði sé nú að ræða er ekki hægt að halda áfram með vinnu við vindorkuver á skipulagssvæði sveitafélagsins.</p>	<p>Í kaflanum um valkosti um vindorkuver á bls. 5 í umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins kemur fram að áformin séu hluti af eldra aðalskipulagi. Umfjöllun í kaflanum er samantekt á niðurstöðu umhverfismats aðalskipulagsbreytinganna vegna vindorkuvera sem þegar hafa tekið gildi.</p>
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Umhverfismat	<p>Fram kemur að uppbygging vindorkuvera sé ekki hluti af heildarendurskoðun skipulagsins. Á bls. 6 í umhverfisskýrslu segir „Um er að ræða atriði sem ekki var fjallað um í breytingu á aðalskipulagi vegna vindorkugarðanna, en verður metið í umhverfismati framkvæmda skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.“ Fyrir íbúa svæðisins er gríðarlega mikilvægt að vita samkvæmt bestu rannsóknnum hver áhrifin á samfélag og umhverfi þeirra verða og sú greining áætlana þarf að fara fram af hendi sveitafélagsins en ekki eingöngu framkvæmdaaðila. Sveitastjórn Dalabyggðar getur því ekki eingöngu stuðst við niðurstöðu umhverfismats framkvæmdanna sem er í ferli heldur þarf að gera sjálfstæða greiningu á áhrifunum áætlana um vindorkuver á sveitafélagið í heild.</p>	<p>Áhrif vindorkuvera hafa verið metin í umhverfismati skipulagsbreytinga vegna vindorkuvera sem hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Einnig er vísað til þess að á árinu 2018 lét Dalabyggð vinna samantekt á helstu forsendum og meginatriðum sem leggja skal til grundvallar við mat á svæðum fyrir vindorku, svo sem m.t.t. áhrifa á samfélag, umhverfi, skipulag og innvið, sbr. kafla 11.6 í greinargerð.</p>
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Uppdrættir	<p>Athygli vekur að ekki er gert grein fyrir húsum í Gvendareyjum á skipulagsuppdrættinum.</p>	<p>Svæði F-45 fyrir hús á Gvendareyjum bætt inn í kafla 17.8 og á hringtákninu bætt inn á uppdrátt.</p>
Skarð Bogi Kristinsson Magnusen	Uppdrættir	<p>Merkt er inn „býli ekki í ábúð (eyðibýli)“ Kleifar inn á aðalskipulagstillöguna, ekkert heiti með þessu nafni er á jörðinni og er ranglega skráð inn. Má fjarlægja úr aðalskipulagstillögunni.</p>	<p>Tekið út af uppdrætti.</p>

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Úrgangur	Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma sér upp sérstakri söfnun og flokkun á fleiri tegundum heimilísúrgangs. Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilísúrgangi og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum. Rekstraraðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins í úrgangsmálum samræmist stefnu ráðherra og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum. Stofnunin telur að í greinargerð ætti að vera frekari umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst mæta auknum kröfum laga um sérstaka söfnun úrgangs í Dalabyggð.	Fjallað er um úrgangsmál í kafla 11.8 en ný sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 á Suðvesturlandi tekur einnig til Dalabyggðar. Áætlunin hefur verið í kynningarferli. Í henni er m.a. gert grein fyrir hvernig staðið verður að meðhöndlun heimilísúrgangs og gert er ráð fyrir að Dalabyggð vinni í samræmi við það.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Úrgangur	Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun á lífúrgangi, ásamt öðrum sérsöfnuðum heimilísúrgangi, tekur gildi þann 1. janúar 2023. Bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs (þar með talið lífræns rekstrarúrgangs) er aðgerð nr. 16 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024. Tengist ofangreint Aðgerð F.2 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst ráðstafa lífúrgangi og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi, á annan hátt en að senda til urðunar eða til brennslu.	Vísað er til nýrrar sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlunar úrgangs 2022-2033 á Suðvesturlandi. Áætlunin tekur einnig til Dalabyggðar.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Úrgangur	Í greinargerð segir að urðunarstaður fyrir sláturúrgang á Höskuldstöðum í Laxárdal sé með starfsleyfi frá árinu 2015. Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki rétt þar sem ekki er leyfilegt að urða sláturúrgang á Höskuldstöðum. Samkvæmt m.a. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, veitir Umhverfisstofnun starfsleyfi fyrir urðunarstaði. Auk þess bendir stofnunin á að með gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. reglugerð nr. 674/2017, um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manneldis, er urðun sláturúrgangs ekki heimil.	Setning um urðunarstað fjarlægð úr kafla 11.8 þar sem það leyfi er vegna óvirks úrgangs. Mögulega var verið að rugla saman gömlu leyfi landeiganda til urðunar sláturúrgangs.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Vatnaáætlun	Í greinargerð á bls. 41 kemur fram að vatnaáætlun sé nú í kynningarferli. Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Því þarf að uppfæra þetta þar sem vatnaáætlunin hefur verið gefin út. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögumum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögumum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.	Bætt inn í kafla 6.3.
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Vatnsvernd	Samkvæmt skipulagsuppdrætti er hluti afmarkaðs svæðis F30 inni á svæði vatnsverndar og eins og tekið er fram í forsendum eru nokkuð strangar kröfur um uppbyggingu á slíkum svæðum. Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999, sbr. breytingarreglugerð nr. 533/2001, (https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/4495) um varnir gegn mengun vatns, er mælt fyrir um takmarkanir á landnýtingu. Samkvæmt framangreindu ákvæði er óheimilt að vera með framkvæmdir og sumarbústaði á hluta svæðisins F30. Því ætti ekki að leyfa byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Sveitarfélagið ætti því að endurskoða fyrirhugaða landnotkun á þessu svæði með tilliti til reglugerðarinnar.	Afmörkun vatnsverndarsvæðis lagfært á uppdrætti.
Skoravík Ívar Pálsson - Landslög	Vegir í náttúru Íslands	Umbjóðandi minn mótmælir því einnig harðlega að heimreiðin heim að Skoravík verði skilgreind sem vegur í náttúru Íslands. Ekki sé í samræmi við reglugerð nr. 260 frá 2018 að skilgreina heimreið sem slíkan veg en heimreiðar eru hluti þjóðvega. Reglugerðin tekur ekki til þeirra. Er þess krafist að fallið verði frá þeirri skilgreiningu enda er hún ólögumæt. Umbjóðandi minn mótmælir því jafnframt að aðrir hlutar Skoravíkur verði skilgreindir sem vegir í náttúru Íslands.	Heimreiðin heim að Skoravík er tekin út af skrá aðalskipulagsins yfir vegi í náttúru Íslands.
Sælingsdalur Friðþór Eydal	Vegir í náttúru Íslands	Hinn 21. mars sl. sendi Dalabyggð uppfærða aðalskipulagstillögu ásamt fylgigögnum til athugunar Skipulagsstofnunar. Í yfirferð Skipulagsstofnunar 19. apríl koma fram athugasemda og ábendinga, m.a. eftirfarandi um vegaskrá sem fylgdi aðalskipulagstillögunni: [MYND] Undirritaður hefur áhuga á að sjá hvernig Dalabyggð hyggst haga skilgreiningu vega og slóða á og í grennd við jörðina Sælingsdal og nærliggjandi jörðum í dalnum og óskar að fá afrit af uppdráttum eða myndum (pdf) sem fylgdu aðalskipulagstillögunni eða uppfærðum sem sýna þá skilgreiningu.	Gögnin eru aðgengileg á heimasíðu Dalabyggðar, auglýsing frá 15. júlí 2022.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Fiskistofa Guðni Magnús Eiríksson	Veiði	Fiskistofa bendir í að margar mikilvægar laxveiðiár eru innan Dalabyggðar eins og sveitastjórn er eflaust vel kunnugt um. Fiskistofa bendir því almennt á að hugað verði að hugað verði að veiðihagsmunum og að aðalskipulagið verði kynnt sérstaklega fyrir starfandi veiðifélögum á svæðnu.	Nokkuð ítarleg umfjöllun er um laxveiðiár í kafla 6.2 Veiði í ám og vötnum og í Markmið og stefna - Auðlindir.
Fiskistofa Guðni Magnús Eiríksson	Veiði	Fiskistofa bendir jafnframt á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.	Bætt inn í kafla 6.2 Veiði í ám og vötnum.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Þær athugasemdir, sem gerðar eru við fyrrgreinda auglýsingu um tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2020 – 2032, lúta fyrst og fremst að fyrirhuguðu vindorkuveri á Sólheimum, en eiga sínu leyti við um vindorkuver á Hróðnýjarstöðum. Jafnframt er vísað til athugasemda eigenda Hamra með bréfum 24. og 26. mars 2020 og tölvubréfi 19. janúar 2021.	Skipulagsbreyting vegna vindorkuvera er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vegna vindorkuvera hafa þegar tekið gildi og telst stefna Dalabyggðar um landnotkun á umræddum svæðum.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Samkvæmt tillögunni á að reisa allt að 40 vindmyllur á Sólheimum, um 150 – 170 metra háar, en í upphaflega var gert ráð fyrir allt að 27 vindmyllum, 91,5 – 105 metra háum. Hefur 13 vindmyllum því verið bætt bætt við upphaflega ráðagerð og hæð þeirra aukin verulega.	Vísað er til málsmeðferðar vegna skipulagsbreytinga vegna vindorkuvera, sem þegar hafa tekið gildi.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Ef farið er inn á vefinn youtube.com og slegið inn: Foundation for Wind turbines eða Foundation for Wind Farms sést hvers konar risamannvirki þarf að koma fyrir til að mynda grunn fyrir sjálfa vindmylluna. Gera verður ráð fyrir að hver grunnur sé tugir metra í þvermál og dýpt mikil. Í grunninum er gríðarleg járnabinding og ofan á það kemur mikil steypa. Ofan á þetta allt kemur svo vindmyllan sjálf og gríðarstórir spaðar ofan á allt saman. Vart er hægt að ímynda sér allt það jarðrask í Sólheimalandi til þess að koma fyrir allt að 40 vindmyllum. Framkvæmdatíminn er langur og meðan á honum stendur eru sprengingar eða klapparbrott. Þá fylgja þessum framkvæmdum gríðarlegir efnisflutningar. Má ætla að um 30.000 m ³ af steypu fari í grunna vindmyllanna og að um 4000 steypubílar aki fram og aftur, jafnvel alla leið frá Akranesi. Safnstöð þarf að reisa og úr henni verður að leggja háspennulínu (há möstur) að flutningskerfum Landsnets. Þá má gera ráð fyrir að um 4.000 lítrar af olíu fari ár hver í að reka allar þessar vindmyllur. Vindmyllugerð allri og rekstri vindylla fylgir því feykimikil kolefnislosun. Munu þessar framkvæmdir, og að þeim loknum mannvirkin sem eftir þær standa og rekstur þeirra, hafa gríðarleg áhrif á fuglalíf vegna spaðanna á vindmyllunum, svo og annað dýralíf á svæðinu, svo og mengunaráhrif í formi trefjaplastagna af spöðunum, langt út fyrir Sólheimalandið, auk viðvarandi sjón- og hávaðamengunar af vindmyllunum.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir vindorkuver, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í áliti Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Framkvæmda- og starfsleyfi hafa ekki verið gefin út, en ef þar að kemur, munu leyfin taka mið af þeim umhverfisáhrifum og mótaðgerðum sem lagðar verða til.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Hinir stóru spaðar vindmylla eru gerðir úr trefjagleri. Líftíma þeirra getur verið frá nokkrum árum til allt að 20 ára, allt eftir aðstæðum, en taka verður fram að á Sólheimum eru oft langir, naprir og rysjóttir vetur sem augljóslega stytta líftíma spaðanna. Frá spöðunum dreifist mikið magn örplasts og trefja út í náttúruna þar sem þessi mengun safnast upp og spillir umhverfinu. Fyrir liggur að spaðar vindmyllu, sem eru með 130 metra þvermál, skili um 62 kg örplasts út í umhverfið. Um er að ræða trefjaplast agnir sem kvarnast úr brúnum spaðanna undan regni, snjó og aðskotahlutum. Allt að 40 vindmyllur á Sólheimum myndu því dreifa tugum tonna af örplasti á líftíma sínum. Í trefjaplasti er þrávirkt eitrefni (Bisfónól A) sem eyðist ekki, heldur safnast upp í náttúrunni, þar á meðal í dýrum og mönnum. Einnig er vitað að spaðar brotna og dreifast um nærliggjandi svæði. Þeir eru ekki endurunnir nema að mjög litlu leyti, heldur urðaðir og safnast því upp í náttúrunni. Enn fremur geta kviknað eldar í vindmyllum, svo sem dæmin sanna, og valdið gríðarlegum skaða í næsta nágrenni við vindmylluver.	Tekið er undir að skoða þurfi mögulega mengunarpætti en að öðru leyti er vísað til umhverfismats, sem er í vinnslu.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Eftir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nýtur votlendi sérstakrar verndar og samkvæmt 3. mgr. sömu greinar ber að forðast að raska slíkum vistkerfum, sem talin eru upp í dæmaskyni í 1. og 3. mgr. greinarinnar, nema brýna nauðsyn beri til. Á Laxárdalsheiði eru mörg vötn og mikið votlendi, þar á meðal fjöldi samtengdra lækja og vatna. Augljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu valda umtalsverðri röskun á votlendinu. Þá eru þar alþjóðlega mikilvæg varpsvæði álfta og himbrima, auk varpsvæða fjölda annarra fuglategunda. Á það skal bent sérstaklega að Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á himbrima sem er á valista yfir fuglategundir í hættu.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir vindorkuver, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í áliti Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Framkvæmda- og starfsleyfi hafa ekki verið gefin út, en ef þar að kemur, munu leyfin taka mið af þeim umhverfisáhrifum og mótaðgerðum sem lagðar verða til.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Að mati eigenda Hamra, sem er nágrennandi Sólheima, hafa viðhlítandi rök fráleitt verið færð fyrir því að brýna nauðsyn beri til að raska svo verulega vistkerfi Laxárdalsheiðar með byggingu slíkra risamannvirkja, sem vindmyllur eru, allt að 40 talsins, með öllum þeim umhverfisspjöllum sem því fylgir. Í athugasemdum með 61. gr. frumvarps til laga nr. 60/2013 kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ sé lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og einungis brýnir almannahagsmunir. Engan veginn hefur verið sýnt fram á að um slíka hagsmuni sé að ræða. Vakin er athygli á því að samkvæmt matsáætlun er búið að færa fjölda vindmylla að Hólmavatni, sem Hólmavatnsá rennur úr í Laxá í Dölum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir vatnið og afrennsli þessi í Hólmavatnsá og þaðan í Laxá í Dölum.</p> <p>Geri tillaga sveitarfélagsins að vindmyllugerð ráð fyrir röskun á vistkerfi þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Eins verður að rökstyðja hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi, ef framkvæmdin veldur slíkri röskun, eins og við blasir.</p>	Skipulagsbreyting vegna vindorkuvera er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vegna vindorkuvera hafa þegar tekið gildi og telst stefna Dalabyggðar um landnotkun á umræddum svæðum.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Þá þarf framkvæmdaraðili að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda, sem fela í sér röskun á svæðum er njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, til þess að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruinnganna, sem í húfi eru, og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (náttúruverndarlaga), auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minnjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, svo og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.</p>	<p>Vísað er til umhverfismats framkvæmda og þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til.</p> <p>Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir vindorkuver, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í álitum Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Framkvæmda- og starfsleyfi hafa ekki verið gefin út, en ef þar að kemur, munu leyfin taka mið af þeim umhverfisáhrifum og mótaðgerðum sem lagðar verða til.</p>
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Samkvæmt 3. gr. laga náttúruverndarlaga, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði og víðerni, er svo fyrir mælt í e. lið 1. mgr.: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“ Óbyggð víðerni eru í lögunum skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði að minnsta kosti 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í að minnsta kosti 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum, en hér er um að ræða risavaxin mannvirki.</p> <p>Umtalsverð og viðvarandi sjónmengun, þar á meðal blikkandi ljóst vegna flugumferðar, mun fylgja umræddum vindmyllum og einnig viðvarandi hávaðamengun. Þá munu útivistarmöguleikar, þar á meðal ferðamennska og silungsveiði á heiðinni, sem hefur verið talsverð, raskast. Fullyrt skal að upplifunargildi á áhrifasvæði þessarar framkvæmdar muni raskast verulega, meðal annars ásýnd svæðanna, auk þess sem gríðarleg óafturkræf náttúruspjöll munu hljóta af þeim.</p>	<p>Vísað er til umhverfismats framkvæmda og þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til.</p> <p>Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir vindorkuver, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í álitum Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Framkvæmda- og starfsleyfi hafa ekki verið gefin út, en ef þar að kemur, munu leyfin taka mið af þeim umhverfisáhrifum og mótaðgerðum sem lagðar verða til.</p>
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Í áðurnefndri skýrslu er frá því greint að fyrir liggja að umræddar skipulagsákvæðanir „munu hafa neikvæð áhrif á lífríki og landslag til langs tíma litið, þ.e. meðan orkuvinnsla stendur yfir.“ Þegar orkuvinnsla ljúki sé „mögulegt“ að endurheimta „hluta“ þeirra náttúrugæða með niðurrifi mannvirkja og frágangi svæða og hafi verið sett ákvæði um það efni. Samkvæmt þessu er í raun viðurkennt að náttúruspjöll muni hljóta af þessari stórfelldu vindmyllugerð, enda þótt lítið sé gert úr þeim, en af einhverjum ástæðum horft fram hjá umfangi þeirra og síðan klykkt út með því að „mögulegt“ sé að endurheimta „hluta“ þeirra náttúrugæða með niðurrifi mannvirkja og frágangi svæða (að liðnum 25 árum). Þegar búið er að eyðileggja, eða að minnsta kosti stórskada, náttúruna verður að horfast í augu við þá staðreynd að til baka verður ekki snúið. Þá má búast við að framkvæmdaraðili muni sækjast eftir endurnýjun leyfis að 25 árum liðnum. Mikil ábyrgð hvílir því á herðum sveitarstjórnar Dalabyggðar, þegar horft er til komandi kynslóða, að hafa á samviskunni þau umtalsverðu og óafturkræfu náttúruspjöll, sem hér um ræðir, verði af af þessum framkvæmdum, þar sem gróðasjónarmið eru látin ráða ferðinni.</p>	<p>Vísað er til umhverfismats framkvæmda og þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til.</p> <p>Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir vindorkuver, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í álitum Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Framkvæmda- og starfsleyfi hafa ekki verið gefin út, en ef þar að kemur, munu leyfin taka mið af þeim umhverfisáhrifum og mótaðgerðum sem lagðar verða til.</p>
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Umhugsunarefni er hvað sveitartjórn Dalabyggðar gengur til með því reisa risavaxin vindorkuver í sveitarfélaginu áður en heildaráætlun stjórnvalda um virkjun vindorku á Íslandi liggur fyrir. Hvað liggur á, er það vegna þrýstings og gylliboða frá þeim aðilum, sem standa að framkvæmdunum, í tilviki 40 vindmylla vindorkuvers á Sólheimum franskt stórfyrirtæki sem mun vera með vindveragerð í fjölmörgum löndum víðs vegar um heiminn? Sveitarstjórnarmönnum lítilla og fjárvana sveitarfélaga, sem Dalabyggð er, hættir til að fá glýju í augun af þeim fjármunum sem í boði eru vegna slíkra framkvæmda, meðal annars í formi hárra fasteignagjalda, en fyrir liggur að fasteignamat á þessum mannvirkjum mun verða gríðarhótt. Freistandi er því fyrir þessi smáu sveitarfélög að horfa fram hjá náttúruvernd og setja kíkinn bak við blinda augað í því tilliti. Af hálfu fjársterkra fyrirtækja, eins og þess franska, hefur ekki hingað til verið skeytt um þau óafturkræfu náttúruspjöll sem hljóta af framkvæmdum í þeirra þágu. Þar ráða gróðasjónarmið ferðinni. Aðstöðumunurinn milli slíkra stórfyrirtækja og lítilla sveitarfélaga er því augljós og því veruleg hættu á að skammtímahagsmunir séu settir ofar langtímahagsmunum byggðarinnar og þar með almannahagsmunum.</p>	Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvörðun um að reisa vindorkuver.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Í raun má með réttu draga í efa hlutleysi lítilla og vanmáttugra sveitarfélaga gagnvart auðfyrirtækjum þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum. Að mati eigenda Hamra sér þessa greinilega stað í skýrslunni þar sem lítið er gert úr þeim miklu óafturkræfu náttúruspjöllum sem af þessum framkvæmdum munu óhjákvæmilega hljófast. Þannig eru áhrif af valkosti 2 meðal annars talin hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, landnotkun, verndarsvæði og heilsu og öryggi. Áhrifin eru metin neikvæð á gróður og dýralíf, ásýnd og landslag, en jákvæð á samfélag, án þess að það sé útskýrt. Valkostur 3 eigi að sýna samlegðaráhrif á umhverfið og einkum sé um að ræða neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og ásýnd og landslag. Þá er fullyrt, einnig án útskýringar eða rökstuðnings, að þessi valkostur hafi jákvæð áhrif á samfélag. Enn fremur er þess getið í skýrslunni að umhverfismatinu „sé ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu.“ Að mati eigenda Hamra er fráleitt að þessum markmiðum verði náð með því umhverfismati sem um ræðir í skýrslunni hvað varðar gerð umræddra vindorkuvera í Dalabyggð, heldur þvert á móti. Þar fer ekki saman hljóð og mynd. Að mati eigenda Hamra fullnægir þessi skýrsla ekki þeim lágmarksskilyrðum sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</p>	<p>Vísað er til umhverfismats framkvæmda sem unnið er að fyrir bæði vindorkuverin, en því ferli er ekki lokið. Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvörðun um að reisa vindorkuver.</p>
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Á það er bent að Landvernd hefur kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna ófullnægjandi innleiðingar á 9. gr. EES–tilskipunar (2014/52/ESB). Í kvörtuninni kemur meðal annars fram að í mörgum tilvikum séu leyfisveitendur mjög lítil sveitarfélög sem geti átt von á umtalsverðum tekjum, sérstaklega þegar um stórar framkvæmdir er að ræða. Í slíkum tilvikum geti leyfisveitendur ekki talist hlutlausir og þar af leiðandi ekki lögbær yfirvöld til að taka afstöðu til leyfa. Í umsögn Landverndar um frumvarp til fyrrgreindra laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem tóku gildi 1. september 2021, kom meðal annars fram að Skipulagsstofnun virki sem leiðbeiningaraðili fyrir framkvæmdaraðila og meira vald sé sett á leyfisveitendur sem oft séu sveitarstjórnir í fámennum sveitarfélögum sem ekki hafi faglega getu til þess að sinna flóknum og sjaldgæfum málum. Þá taldi Landvernd í umsögn sinni að leyfisveitendur og framkvæmdaraðilar séu oft svo nátengdir að almenningur geti ekki fyllilega treyst mati stjórnvalda. Taldi Landvernd því rétt að Skipulagsstofnun tæki ákvörðun um framkvæmdaleyfi í þeim tilvikum þegar sveitarfélög lenda í hagsmunaráreksrum og lagði til breytingu á frumvarpinu í því skyni. Undir þetta er tekið.</p>	<p>Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.</p>
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	<p>Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að „setja þurfi lög um vindorkuver ásamt því að vinna með sveitarfélögum leiðbeiningar um skipulagsákvæðanir og leyfisveitingar.“ Í árslok 2019 var skipaður starfshópur þriggja ráðuneyta til að skoða frekar og vinna að mótuðum tillögum um hvernig best væri að haga málefnum vindorku sem orkunýtingarkosts hér á landi. Var hópnun meðal annars falið að athuga hvort rétt væri að vindorka sætti annarri málsmeðferð innan rammaáætlunar en hinir hefðbundnu nýtingarkostir samkvæmt þágildandi lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) og þá hvernig það yrði best gert.</p> <p>Í skýrslu starfshópsins 15. janúar 2021 um samspil vindorku og rammaáætlunar er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á fyrrnefndum lögum „til að stuðla að skýrara, gagnsærra og einfaldara regluverki fyrir sjálfbæra nýtingu vindorku.“ Í tillögum starfshópsins er meðal annars fjallað um málsmeðferð og ferli vindorkumála í rammaáætlun og lagt til að aðlaga lögin betur að séreðli vindorkunnar með þeim hætti að landsvæði verði að meginstefnu til flokkað í þrjá flokka með tilliti til vindorku. Í flokki 1 væru landsvæði sem óheimilt er að veita leyfi fyrir vindorkuverum eða taka slíka virkjunarkosti til meðferðar. Í flokk 2 féllu svæði sem gætu í eðli sínu almennt verið viðkvæm fyrir uppbyggingu vindorkuvera eða annarri mannvirkjagerð, en virkjunarkostir í vindorku innan slíkra gætu þó komið til greina að uppfylltum tilteknum skilyrðum, meginreglum og viðmiðum og að undangengnu mati verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Í flokk 3 féllu landsvæði sem hvorki teldust falla í flokk 1 né flokk 2. Ákvörðunarvald um framhald virkjunarkosta á svæði í flokki 3 yrði þá hjá sveitarfélagi og öðrum stjórnvöldum, að uppfylltum almennum reglum og skipulagsgerð einstakra sveitarfélaga, lögbundnu umhverfismati o.s.frv.</p> <p>Gert er ráð fyrir því í tillögum starfshópsins að við mat á virkjunarkostum vindorku innan rammaáætlunar verði horft til sérstakrar stefnumörkunar stjórnvalda, meginreglna og viðmiða sem sett yrðu fram í formi tillögu til þingsályktunar. Í slíkri þingsályktunartillögu yrði annars vegar gerð grein fyrir þeim svæðum sem féllu undir svæði 1 og svæði 2 samkvæmt frumvarpinu og hins vegar þeim meginstjórnarmálum sem fylgja þarf við skoðun og mat á vindorkukostum sem eru á svæðum í flokki 2. Þá er lagt til að vandað verði sérstaklega til staðsetningar vindorkuvera í landslagi og náttúru.</p> <p>Fyrir liggja drög að stefnumörkun stjórnvalda sem lögð eru til í skýrslu starfshópsins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til breytinga á fyrrnefndum lögum nr. 48/2011. Ein af helstu breytingunum, sem lagðar eru til, felst í málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku vegna þess séreðlis vindorkunnar að hún er hvorki staðbundin né takmörkuð að eðli og umfangi eins og hinir hefðbundnu virkjunarkostir í vatnsafli og jarðvarma. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að málsmeðferð rammaáætlunar byggist á skoðun á tilgangi og markmiðum þess að svæðið er flokkað sem viðkvæmt svæði í flokki 2 og ef sú skoðun leiðir í ljós að vindorkukostur verði ekki talinn raska slíkum tilgangi verði heimilt að halda áfram með slíkt mál á stjórnarsýslustigi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma.</p>	<p>Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vegna vindorkuvera hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Í skipulagsbreytingunum eru vindorkusvæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.</p>

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Síðast, en ekki síst, skal á það minnt að í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Áhersla verði lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum, nærri tengivirkjum og flutningslínunum, svo unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Þriggja manna starfshópur hefur verið skipaður af hálfu umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um nýtingu vindorku, þar á meðal um lagaumhverfi hennar, og hvernig verði tekið á ýmsum álitamálum. Á starfshópurinn að skila tillögum sínum til ráðherra (meðal annars frumvarpi til laga) fyrir 1. febrúar 2023.	Stefna Dalabyggðar um vindorkunýtingu mun byggja á stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál m.t.t. vindorkunýtingar, þ.e. þegar stefna á landsvísu um það efni liggur fyrir.
Hamrar Helgi I. Jónsson f.h. eigenda	Vindorkuver	Lokaorð Áður en frumvarp til breytinga á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) verður afgreitt á Alþingi er ótímabært með öllu að hafa uppi áform um gerð vindorkuvera í Dalabyggð eða annars staðar á landinu. Þá skal þess getið að Skipulagsstofnun vinnur nú að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem meðal annars verða mótuð viðmið fyrir staðsetningu vindorkuvera með tilliti til landslags. Skýtur því skökku við, svo ekki sé meira sagt, að fyrr en svo verður eigi að ganga frá aðalskipulagi Dalabyggðar 2020 – 2032 þar sem því verði slegið föstu að breyta gamalgrónu landbúnaðarsvæði í Dalabyggð í iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver með öllum þeim óafturkræfu umhverfisspjöllum sem því fylgir. Virkjun vindorku á Íslandi er stórmál sem hefur farið undarlega lágt í almennri umræðu. Brýna nauðsyn ber til að fjalla ítarlega um þetta mikilvæga málefni og að því loknu komast að skynsamlegri niðurstöðu í sem mestri sátt í þjóðfélaginu um hvernig haga beri nýtingu vindorku. Auðfyrirtæki hafa hér ráðið ferðinni og látið, eins og lög gera reyndar ráð fyrir, gera sín eigin umhverfismöt og ráðið til þess verkfræðistofur á sinn kostnað. Um einhliða mót er að ræða, þar sem dregin eru fram atriði við mat á umhverfisáhrifum vindorkuvera, fyrirtækjunum í hag, en annað hvort lítið gert úr því sem er neikvætt fyrir þau eða alls ekki minnst á neitt slíkt. Af þessum sökum er ekki um að ræða hlutlaust mat þar til bærs og óvilhalls aðila. Við blasir að ráðagerðir og athafnir þessara erlendu auðfyrirtækja í vindorkuiðnaðinum eru langt á undan þeirri nauðsynlegu umræðu sem þarf að fara fram um þetta mikilvæga þjóðfélagsmál. Staðreyndin er sú að fyrirtækin hafa notfært sér að allt of lengi hefur skort á að yfirvöld marki skýra stefnu um hvernig nýta eigi vindorku í landinu. Markmið fyrirtækjanna er því augljóslega að ná að skjóta rötum áður gripið verður í taumana með ítarlegri opinberri stefnumörkun og tilhlýðilegri lagasetningu. Þessa þróun verður að stöðva.	Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vindorkuvera hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Í skipulagsbreytingunum eru vindorkusvæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í því felst að ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjanakostsins og einungis er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknunum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfissskyldar, enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Vindorkuver	Stjórn Landverndar vill einnig ítreka að vegna ríkra náttúruverndarhagsmuna á þessu einstaka svæði, sem einnig koma fram í umfjöllun um Dalabyggð í tillögunni og sveitastjórnin vill vernda, er enn mikilvægara en ella að fara mjög varlega og gæta að öllum lögbundnum ferlum og samráði við svo stórtækar ákvarðanir sem uppbygging vindorkuvera er. Þá er mikil hættu á því að vindorkuver dragi úr aðdráttarafli svæðisins fyrir ferðamenn og því vinnur uppbygging vindorkuvera gegn því að byggja upp ferðaþjónustu í sátt við umhverfi og samfélag eins og lýst er í tillögunni. Vindorkuver á framangreindum svæðum geta einnig haft neikvæð áhrif á Breiðarfjörð sem er friðlýst svæði. Síðast en ekki síst munu áhrifin hafa ófyrirséð neikvæð áhrif á nærsamfélagið vegna margvíslegra neikvæðrar upplifunar sem íbúar hafa þegar komið á framfæri. Vegna ítarlegrar umfjöllunar um áhrif vindorkuvera á náttúru og samfélag vísar stjórn Landverndar til athugasemda sinna um vinnslutillögu frá 18. Janúar 20221 og í athugasemdir sínar við breytt aðalskipulag frá 20. janúar 20212.	Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvörðun um að reisa vindorkuver. Skipulagsbreyting vegna vindorkuvera er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða orkuveranna hafa þegar tekið gildi og telst stefna Dalabyggðar um landnotkun á umræddum svæðum.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Vindorkuver	Stjórn Landverndar hafnar því sem fram kemur á bls. 42 í umhverfisskýrslu um að óvissa ríki um stöðu vindorku innan rammaáætlunar. Orkunýting fellur undir rammaáætlun, enda hefur verkefnastjórn hennar tekið fyrir nokkur vindorkuver. Landvernd hefur fjallað ítarlega um þennan þátt, sjá m.a. fyrri athugasemdir Landverndar og almenna umfjöllun ⁴ . Sveitafélagið ætti því að hafna öllum fyrirætlunum um vindorkuver sem ekki hafa fallið í nýtingaflokk rammaáætlunar. Síðast en ekki síst þá liggur fyrir að ekki hafa verið mótuð lög eða reglugerðir um vindorku af hálfu stjórnvalda. Eðlilegast er að sveitafélög bíði með allar ákvarðanir sem binda sveitafélagið þessum framkvæmdum þar til lög og reglur varðandi þær skýrast.	Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvörðun um að reisa vindorkuver. Skipulagsbreytingar vegna vindorkuveranna hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Í skipulagsbreytingunum eru vindorkusvæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Vindorkuver	Stjórn Landverndar hvetur sveitastjórn Dalabyggðar til þess að fjarlægja alla umfjöllun um vindorkuver úr tillögu að aðalskipulagi. Stjórnin hvetur Skipulagsstofnun til að hafna tillögu að breyttu aðalskipulagi sem inniheldur umfjöllun um þau með vísan til ákvörðunar innviðaráðherra frá í apríl 2022.	Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvörðun um að reisa vindorkuver. Aðalskipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vindorkuvera hafa þegar tekið gildi.
Náttúrufræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Vindorkuver	Ásýndaráhrif verða einnig mjög mikil af vindorkuverunum. Í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar er fjallað um þessi áhrif og þau metin neikvæð. Það skýtur hins vegar skökku við að mati Náttúrufræðistofnunar að í aðalskipulaginu er lagt til að fara í stefnumótun og greiningarvinnu um vindorkuver í Dalabyggð en að sú vinna muni undanskilja áformuð vindorkuver á Hrónýjarstöðum og Sólheimum. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að bíða með alla ákvarðanatöku um uppbyggingu þessara tveggja vindorkuvera þangað til skýr stefna um notkun vindorku á landsvísu sem og í sveitarfélaginu liggur fyrir og almenn sátt er um hvar vindorkuver eiga erindi og hvar ekki með tilliti til áhrifa á lífríki, landslag og samfélag. Óhætt er að fullyrða að sterkar röksemdir eru fyrir því að vindorkuver eigi ekki erindi á Laxárdalsheiði vegna neikvæðra áhrifa á fuglalíf einungis, þó fleira mætti telja til. Niðurstaða umhverfismats liggur ekki fyrir en Náttúrufræðistofnun telur afar líklegt að hún muni gefa slíkt til kynna. Þessi áform eru að mati Náttúrufræðistofnunar í mótsögn við skýr og metnaðarfull markmið sveitarfélagsins um verndun landslags, víðernis, vistgerða og tegunda sem sett eru fram í aðalskipulagstillögunni.	Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvörðun um að reisa vindorkuver. Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vindorkuvera hafa þegar tekið gildi. Stefna Dalabyggðar um vindorkunýtingu mun byggja á stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál m.t.t. vindorkunýtingar, þ.e. þegar stefna á landsvísu um það efni liggur fyrir.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Umhverfis- stofnun Axel Benediktsson og Agnes Þorkeldsdóttir	Vindorkuver	<p>Í tillögnum á bls. 121 er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði (I7 og I8) fyrir vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsagnir vegna skipulagsbreytinganna 13. júní 2019.</p> <p>Á Laxárdalsheiði eru vel gróin heiðarlönd og mikið af vötnum og öðru votlendi.2 Að mati Umhverfisstofnunar mun virkjunin hafa neikvæð áhrif á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og votlendisvistgerðir og því mikilvægt að tillagan taki tillit til ofangreinds ákvæðis náttúruverndarlaga, en ekki kemur fram í tillögnum hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendinu. Í leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar „Um skipulag og vindorkunýtingu“ segir í allt að 16 km fjarlægð séu vindmyllur mjög áberandi og geti verið ráðandi í landslagi.3 Umhverfisstofnun bendir á að iðnaðarsvæði Hróðnýjarstaða er um 3 km frá fristundabyggð (F23) sem mikilvægt er að taka tillit til. Auk þess bendir stofnunin á að framkvæmdin geti haft áhrif á óbyggð víðerni.</p> <p>Einnig vill stofnunin benda á að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði4 og er Laxárdalsheiði tilnefnt af NÍ á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs.5</p> <p>Það er mat Umhverfisstofnunar að frekar en að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi eigi að líta til landsins í heild og velja svæði utan verndarsvæða sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu þar sem hægt er að koma fyrir mjög mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt.</p>	Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vindorkuvera hafa þegar tekið gildi. Tekið er undir þær hugmyndir að skoða landið í heild.
Undirskriftalisti	Vindorkuver	<p>Við undirrituð, íbúar og velunnarar Dalabyggðar, mótmælum harðlega þeim áformum sveitarstjórnar að gefa leyfi til þess að reistar verði gríðarstórar vindorkuvirkjanir í sveitarfélaginu og skorum á sveitarstjórn að draga til baka fyrirhugaða tillögu þess efnis í aðalskipulagi.</p> <p>Þær virkjanir sem um ræðir munu telja samtals 70 vindmyllur sem ná í allt að 180 metra hæð og eru í innan við tveggja kílómetra fjarlægð frá byggð.</p> <p>Virkjanir þessar munu eyðileggja sveitina okkar og gera okkur óbærilegt að búa þar auk þess sem verðgildi eigna okkar mun hrapa. Við skiljum þessa leyfisveitingu sveitarstjórnar því á þann hátt að verið sé að bola íbúum af svæðinu.</p> <p>Eins og nærri má geta hafa þessar fyrirætlanir sveitarstjórnar Dalabyggðar valdið okkur sem búum í nágrenni við svæðið eða þykir af öðrum ástæðum vænt um þessa sveit, miklu hugarangri. Við höfum frá árinu 2017 sent inn fjölmargar athugasemdir á öllum stigum skipulagsferilsins, en engin þeirra hefur til þessa verið tekin til greina. Við gerum því enn eina tilraun nú til þess að láta í okkur heyra og vonum að með þessum undirskriftarlista verði tekið tillit til þeirrar einföldu bóna okkar um að ásynnd og friðsæld Dalabyggðar verði áfram varðveitt og fallið verði frá öllum áformum um byggingu vindorkuvirkjana í sveitinni.</p> <p>Hægt er að kynna sér nánar baráttu okkar og nálgast skjöl og aðrar upplýsingar á vefsvæðinu www.hagsmunir.is</p>	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vindorkuvera hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Í skipulagsbreytingunum eru vindorkusvæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í því felst að ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjanakostsins og einungis er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar, enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati. Vindorkuver eru háð umhverfismati og er unnið er að því mati. Í matskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í álit Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Framkvæmda- og starfsleyfi hafa ekki verið gefin út, en ef þar að kemur, munu leyfin taka mið af þeim umhverfisáhrifum og mótaðgerðum sem lagðar verða til.
Vígóltsstaðir / Hagsmunir.is Steinunn M. Sigurbjörns- dóttir	Vindorkuver	<p>Við, næstu nágrannar Hróðnýjarstaða, skorum hér með á sveitarstjórn Dalabyggðar að taka skilgreiningu á iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum úr tillögu þeirri að aðalskipulagi sem nú er auglýst.</p> <p>Því til rökstuðnings, vitnum við í allar fyrri athugasemdir sem við höfum gert við þessar fyrirætlanir og ættu að vera þekktar. Meðfylgjandi þessum pósti er afrit af fyrri athugasemdum okkar ásamt lista yfir nöfn þeirra um 550 manns sem hafa skráð sig á undirskriftalista sem ber yfirskriftina "Við viljum engar vindorkuvirkjanir í Dalabyggð". Þess má geta að fleiri slíkar undirskriftarsafnanir og mótmæli eru í gangi víðar á vesturlandi þar sem íbúar mótmæla virkjanaáformum.</p> <p>Við óskum hér með eftir samtali við sveitarstjórn um fyrirhugaða uppbyggingu vindorkuvera í okkar nánasta nágrenni. Það hlýtur að vera eðlileg krafa okkar sem höfum byggt upp þessa sveit síðustu 80 árin eða svo, að á okkur sé hlustað og að tekið sé tillit til okkar sjónarmiða, eða í það minnsta að áhyggjum okkar sé sýndur skilningur.</p> <p>Við gerum að lokum alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð sveitarstjórnar í þessu máli öllu, en ekki svo mikið sem einn meðlimur sveitarstjórnar hefur sýnt okkur þá virðingu að taka undir og segjast skilja áhyggjur okkar og enginn þeirra hefur í öllu þessu ferli verið reiðubúinn til að staldra við og spyrja gagnrýnina spurninga áður en tillögur eru samþykktar samhljóða.</p> <p>Sú gagnrýnisláusa afgreiðsla á þessum risa stóru skipulagsmálum og sú þögn og það virðingarleysi sem við sem íbúarnir höfum mætt frá sveitarstjórn þegar við höfum gert athugasemdir og spurt spurninga, hlýtur að teljast í hæsta máta ámælisverð og hefur verið til þess fallin að valda okkur kvíða og vanlíðan. Ekki verður séð að sveitarstjórnarfulltrúar hafi rækt þá skyldu sína að standa vörð um hagsmuni okkar í þessu máli, heldur þvert á móti.</p>	Skipulagsbreytingar vegna varúðarsvæða vindorkuvera hafa þegar verið samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Skipulagsstofnun þann 29. júní 2022. Í skipulagsbreytingunum eru vindorkusvæðin skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í því felst að ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjanakostsins og einungis er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar, enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Vistgerðir	Í Dalabyggð eru umfangsmikil svæði þar sem finnast vistgerðir með hátt verndargildi m.a. votlendi og birkiskógar. Þar eru einnig mjög mikilvæg búsvæði fugla af ýmsum toga. Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er fjallað ítarlega um þessi atriði og er það vel.	Kallar ekki á viðbrögð.

Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Náttúrfræði- stofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Votlendi	Stefnt er að nánari greiningu á umfangi framræsts lands og tækifæri til endurheimtar votlendis sem er vel, en á sama tíma segir “að ekki sé gert ráð fyrir umtalsverðri endurheimt á votlendi á framræstu votlendi, þar sem áhersla er á að nýta það til landbúnaðarframleiðslu”. Náttúrufræðistofnun telur að tækifæri hljóta að vera til staðar fyrir endurheimt í sveitarfélaginu sem er víðfeðmt og í ljósi áforma sem raska votlendum í sveitarfélaginu enn meir en hefur verið gert þá sé nauðsynlegt að skilgreina slík verkefni sem mikilvægar mótvægisáðgerðir og hafa skýr töluleg markmið um slíkt.	Í ákvæðum fyrir vindorkuver (I-7 og I-8) eru ákvæði um að ef votlendi tapist skuli endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins. Horft verði til hins sama hvað m.a. skógrækt varðar.
Breytingar vegna ábendinga og rýni eftir auglýsingu	Efnistaka		Tveimur efnistökusvæðum (E-64 og E-65) í Ólafsdal bætt inn á uppdrátt og í kafla 17.7 að beiðni Vegagerðarinnar. Umfang efnistökusvæða E-8, E-19, E-20, E-35, E-38 lagfært í samræmi við ábendingar Vegagerðarinnar. Efnistökusvæði í landi Gunnarsstaða og Dunks bætt inn í samræmi við gildandi aðalskipulag, en þau höfðu fallið út í auglýstri tillögu. Svæðin fengu númerin E-8 og E-9 en voru áður númer E11 og E12.
Breytingar vegna ábendinga og rýni eftir auglýsingu	Rafveita		Mögulegri háspennulínu vegna hringtengingar Vestfjarða bætt inn í greinargerð í samræmi við Kerfisáætlun. Línan er ekki sýnd á uppdrætti.
Breytingar vegna ábendinga og rýni eftir auglýsingu	Almennt		Ýmsar upplýsingar uppfærðar og/eða leiðréttar.